

Sp.

63. Tillaga til þingsályktunar

[61. mál]

um haf- og fiskirannsóknir o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera 5 ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðafлотann.

Áætlunin sé gerð af sérfræðingum í nánú samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Alltaf skýrist betur og betur, að velmegun og efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar veltur framvegis, sem fram að þessu, meira á því en öðru, að vel takist að hagnýta auðæfi hafsins og landgrunnsins.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að hagnýting hafsins og landgrunnsins verður að byggjast framvegis á þekkingu í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Menn verða að þekkja hafið, sem hezt má verða, og lífið í sjónum og á hafsbotninum.

Skynsamlegar fiskveiðar og önnur hagnýting sjávargæðanna, samhliða nauðsynlegri verndun þeirra auðæfa, sem í hafinu er að finna, hljóta í vaxandi mæli að byggjast á þekkingu, sem hverjum einstaklingi verður alveg ofviða að afla sér á eigin spýtur og eigin kostnað. Flm. vill leggja áherzlu á, að þetta á ekki aðeins við um rannsóknir á hafstraumum, hafsbotninum, fiskistofnum, stærð þeirra og öðru, sem snertir verndun þeirra og viðhald, heldur á þetta einnig við um sjálfar fiskveiðarnar. Ekki má horfa í að leggja fram það fé, sem þarf til þess að rannsaka hafið og lífið í sjónum, og einnig verður í vaxandi mæli að veita fiskiflotanum þjónustu við fiskileit og öflun þeirrar þekkingar, sem þarf við nýtizku fiskveiðar, en einstaklingum er um megn að kosta.

Æði mikið hefur verið unnið hér í þessa átt, og ber að meta það og virða mikils. Samt kemur allt af betur og betur í ljós, að það nær skammt og að því fer fjarri, að hægt hafi verið að kanna hafið og fiskistofnana sem skyldi eða veita fiskiflotanum þá þjónustu, sem þörf er á. Hér er því þörf nýrra stórataka í þessum efnum.

Ný sókn verður að hefjast í landgrunnsmálinu og varðandi hafsbotninn, og koma þá nýir rannsóknarþættir til, sem verður að sinna. Það verður sem sé að efla rannsóknir í tengslum við landgrunnsmálið.

Okkur er lífsnauðsyn að vita, hvernig ástatt er um fiskistofnana og annað líf í sjónum, hvað má veiða, hvað þarf að vernda, og alltaf er að koma betur og betur í ljós, að nýtizku fiskiskipafloti þarf að styðjast við margs konar þjónustu, svo sem fiskileit, veiðitilraunir, veiðarfæratilraunir o. fl., ef fullur árangur á að nást. Aðkallandi verkefni í þessum greinum eru óþrjótandi.

Flm. er þeirrar skoðunar, að nú sé þörf úttekta á því, hvernig við erum á vegi stödd í þessum efnum, og hvers við þörfnumst, og leggur því til, að sérfræðingum verði nú falið að gera 5 ára áætlun um nauðsynleg verkefni á þessu sviði og verði sú áætlun gerð í nánú samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. — Væri sú áætlunargerð hliðstæð því, sem nú hefur verið gert varðandi rannsóknir á vatnsaflinu. Það er sannfæring flm., að viðhorf allt sé nú svo gerbreytt orðið varðandi fiskistofnana og annað, sem í sjónum býr, fiskveiðarnar og möguleikana til þess að fá vitneskju um hafið sjálft og hafsbotninn, að skoða verði þessi rannsóknarmál frá nýjum sjónarhól og í nýju ljósi.

Nánar í framsögu.